

Sýningar- og fræðslunefnd Íslenska bútasamsfélagsins 2010-2011

Lovísa Jónsdóttir

lovjo@internet.is



Lovísa er fædd að Skeiðsfossi, Fljótum, í Skagafirði en uppalin á Akranesi. Var búsett í Vestmannaeyjum í 15 ár. Býr nú í Reykjavík og starfar sem bókarí. Hún fékk snemma tilsögn hjá systur og frænkum í Fljótunum í lopadúkku- og fatagerð á þær. Móðir hennar var saumakona og féllu oft til góðir bútar í föndurgerðina. Hefur stundað fatasaum, perlu- og útsaum, einnig hekl og þrjón. Einnig fíktað við glerskurð, ullarþæfingu og körfufléttingar svo eitthvað sé nefnt.

Lovísa þarf alltaf að hafa mörg járn í eldinum. Hún reyndi að forðast bútasaum fram á síðustu stundu en hafði oft verið hvött til að skoða hann. Hún vissi að hannyrðafíkillinn ætti erfitt með að standast þá áskorun. Árið 2001 fór hún svo á námskeið í bútasami hjá Guðfinnu í Virku, síðan hefur hugurinn snúist að mestu um bútasaum.

Ragnheiður Björnsdóttir

ragnheib@raunvis.hi.is



Ragnheiður er fædd á Húsavík en ólst upp á Laugum í Reykjadal. Nálægð við húsmæðraskólann og áhrif kvenfélagsins þar mótaði áhuga hennar á hverskyns hannyrðum. Kvenfélag S-þing bauð upp á ótrúlegan fjölda námskeiða í hannyrðum sem móðir hennar sótti en kveikti áhuga Ragnheiðar. Bútasaurur hefur verið í huga hennar s.l. þrjátíu ár en fékk ekki pláss, vegna annarra áhugamála, fyrr en fyrir sex árum. Hún hefur ekki sótt nein námskeið í tengslum við bútasaum en klúbbsystur hennar hafa verið duglegar að leiðbeina henni.

Sigríður Poulsen
sirryp@gmail.com



Sigríður er fædd í Reykjavík en að mestu alin upp í Kópavoginum. Hún útskrifaðist frá Hönnunarbraut Iðnskólans í Hafnarfirði 1996. Starfar á skrifstofu Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði við bókhald, reikningagerð o.fl.

Áhugi hennar á handavinnu er meðfæddur því hún man ekki eftir sér öðruvísi en fönrandi. Lærði t.d. að hekla 5 ára, þrjóna og sauma fljótlega upp úr því og hefur þetta fylgt henni alla tíð síðan. Því lá beint við að fara í bútasam, hann er fjölbreyttur og góður félagsskapur í tengslum við hann.